



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2026

JARÐ2AJ05

Kennari	Harpa Kristín Einarsdóttir: harpa.einarsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Þriðjudagar kl. 9:15-10:55, staðsetning eftir samkomulagi.	
Námsefni	Kennslubók: Jarðfræði fyrir framhaldsskóla (vefbók) https://jardfraedi.vefbok.idnu.is/ Annað efni frá kennara á INNU	
Áfangalýsing	Áfanganum er ætlað að kynna jarðfræðina sem vísindagrein, skýra tengsl hennar við aðrar fræðigreinar og notagildi hennar við íslenskar aðstæður. Ekki síður auka þekkingu og skilning nemenda á umhverfi sínu, eðli þess og myndun svo og helstu ferlum og lögmálum sem stjórna því og móta. Áhersla er lögð á að útskýra jarðfræðilega sérstöðu Íslands og reynt er að gera jarðfræði Reykjanesskagans nokkur skil. Að þessu fengnu ættu nemendur að þekkja, skilja og njóta betur íslenskrar náttúru og sérstöðu hennar, jafnt í leik sem og í starfi. Í áfanganum er lögð áhersla á verkefnavinnu í kennslustundum þar sem nemendur vinna verkefni sín undir leiðsögn kennara. Virk þátttaka nemenda í eigin námi liggur til grundvallar.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er símatsáfangi með áherslu á verkefnavinnu nemenda. Mikilvægt er að nemendur stundi námið jafnt og þétt. Til þess að standast áfangann þarf að ná lágmarkseinkunn 4,5 í öllum námsþáttunum þremur. Þannig þarf meðaleinkunn skilaverkefna og könnunarprófa hvort um sig að ná 4,5 og einkunn fyrir vinnubók að ná 4,5. Upptökupróf eru í lok annar. Vinnubók er skilað tvisvar á önninni, fyrir vetrarleyfi og í lok annar. Vinnubók er að mestu leyti unnin í tímum, hún skal vera handskrifuð nema með sérstöku leyfi kennara. Sjá nánar sérstakar leiðbeiningar á INNU. Fyrir hvert könnunarpróf verður lokað fyrir skil á verkefnum úr þeim hluta sem prófið er úr og ekki verður hægt að skila þeim síðar á önninni. Ekkert lokapróf er í áfanganum.	
Símatsáfangi ☒Lokapróf ☐Sleppikerfi ☐		
Heiti		Vægi
Skilaverkefni		40%
Vinnubók		20%
Könnunarpróf 1, 2 og 3		40%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Allar tilraunir til svindls í prófum leiða til að nemandi fær 0 í prófinu, þar með talið að vera með síma á sér í prófi.
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Munið að spyrja ef eitthvað er óljóst. Sendið mér tölvupóst og látið mig vita ef eitthvað bjátar á. Betra er að gera það strax frekar en að bíða með það.
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • jarðfræðilegum fyrirbærum • hugtökum og kenningum, s.s. útrænum og innrænum öflum, lagskiptingu jarðar, landrekskenningunni, myndunarsögu steinda og bergtegunda • sérstöðu Íslands í jarðfræðilegu samhengi.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota og skilja hugtök fræðigreinarinnar leysa verkefni sem viðkoma fræðigreininni s.s. finna upptök jarðskjálfta, stærð þeirra og áhrif.
	
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • verða læs á landið sitt, náttúru og umhverfi • skilja og mynda sér skoðanir um það sem þeir lesa, heyra og sjá t.d. í fjölmiðlum á þessu sviði.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna t.d. lestur og vinnubók	16 vikur x 4 tímar x 20 mín.	32 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 5 klst.	15 klst.
Skilaverkefni	6 klst.	6 klst.
Alls		117 klst. = 5 ein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6.-9. janúar	Kynning á áfanga Kafli 1: Jarðfræði og jarðfræðirannsóknir Hringrás bergs	Skilaverkefni 1: Reykjanes
2. vika 12.-16. janúar	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir	Skilaverkefni 2: Wegener
3. vika 19.-23. janúar	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir	Skilaverkefni 3: Ferðalag kenninganna
4. vika 26.-30. janúar	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir	Könnunarpróf 1: Kaflar 1-2
5. vika 2.-6. febrúar	Kafli 3: Jarðskjálftar	
6. vika 9.-13. febrúar	Kafli 3: Jarðskjálftar	Skilaverkefni 4: Jarðskjálftar
7. vika 16.-20. febrúar <i>Uppbrotsdagur 18. feb</i>	Kafli 4: Steindir	Fyrri skil á vinnubók fyrir vetrarfrí
8. vika 23.-27. febrúar <i>Vetrarleyfi 27. feb</i>	Kafli 4: Steindir	Könnunarpróf 2: Kaflar 3-4 Skilaverkefni 5: Steinar í kassa
9. vika 2.-6. mars <i>Námsmatsdagur 2. mars</i>	Kafli 5: Kvika og storkuberg	
10. vika 9.-13. mars	Kafli 5: Kvika og storkuberg	
11. vika 16.-20. mars	Kafli 6: Eldsumbrot	
12. vika 23.-27. mars <i>Starfshlaup 27. mars</i>	Kafli 6: Eldsumbrot	
13. vika 6.-10. apríl <i>Annar í páskum 6. apríl</i>	Kafli 6: Eldsumbrot	Könnunarpróf 3: Kaflar 5- 6
14. vika 13.-17. apríl	Kafli 6: Eldsumbrot	Skilaverkefni 6: Eldfjöll
15. vika 20.-24. apríl <i>Sumard. fyrsti 23. apríl</i>	Kafli 7: Jarðhiti	
16. vika 27. apríl-1. maí <i>Dimissio 30. apríl</i>	Kafli 8: Jöklar	Skilaverkefni 7: Jöklar
17. vika 4.-8. maí <i>Stoðdagur 8. maí</i>	Kafli 8: Jöklar Sjúkra og upptökupróf	Seinni skil á vinnubók

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Harpa Kristín Einarsdóttir